



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

FÉLV1IN05

Kennari	Andri Sigurðsson, andri.sigurdsson@fss.is Atli Þorsteinsson, atli.thorsteinsson@fss.is Gunnhildur Þórðardóttir-Place, gunnhildur.thordardottir@fss.is	  																								
Viðtalstími	Andri ## eftir samkomulagi Atli föstudagar klukkan 11:25 til 12:05 á kennarastofu Gunnhildur mánudagar kl.11:25-12:05 stofa 301																									
Námsefni	Allt námsefni á kennsluvef áfangans m.fss.is Slóðin er: https://m.fss.is/course/view.php?id=211 Eina sem nemandi þarf að kaupa er sérstök glósubók fyrir þennan áfanga.																									
Áfangalýsing	Markmið áfangans eru að kynna nemendum fyrir helstu félags- og hugvísindagreinum og þjálfa nemendur í Microsoft Office eða sambærilegum forritum. Þróa gagnrýna hugsun og greiningarhæfni hjá nemendum ásamt því að efla samvinnu og kynningarhæfni nemenda. Einnig er leitast við að tengja námsefni við daglegt líf og samtíma nemenda og undirbúa nemendur fyrir frekara nám í félags- og hugvísindagreinum. Til þess að ná þessum markmiðum gera nemendur fjölbreytt verkefni og skila verkefnum á fjölbreyttan hátt bæði sem einstaklingar og í hóp.																									
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Athugið að í þessum áfanga er enginn stoðtími í lok annar til þess að vinna upp verkefni. Öllum verkefnum skal skila á réttum tíma. Símatsáfangi ☒Lokapróf ☐Sleppikerfi ☐ <table><tr><th>Heiti</th><th>Vægi</th></tr><tr><td>Mannkynssaga (Mannkynssaga)</td><td>5%</td></tr><tr><td>Viðtal (Félagsfræði)</td><td>5 %</td></tr><tr><td>Fjárhagsáætlun (Hagfræði)</td><td>5 %</td></tr><tr><td>Greining á auglýsingu (Kynjafræði)</td><td>5 %</td></tr><tr><td>Könnun og gagnagreining (Sálfræði)</td><td>5 %</td></tr><tr><td>Ritgerð um siðfræðileg málefni (Heimspeki)</td><td>5 %</td></tr><tr><td>Samfélagið okkar (hópverkefni)</td><td>20 %</td></tr><tr><td>Social dilemma (kvikmyndaverkefni)</td><td>5 %</td></tr><tr><td>Rannsóknarverkefni (hópverkefni)</td><td>20 %</td></tr><tr><td>Konur á rauðum sokkum (Kvikmyndaverkefni)</td><td>5 %</td></tr><tr><td>Lokaverkefni (hópverkefni)</td><td>20 %</td></tr></table>		Heiti	Vægi	Mannkynssaga (Mannkynssaga)	5%	Viðtal (Félagsfræði)	5 %	Fjárhagsáætlun (Hagfræði)	5 %	Greining á auglýsingu (Kynjafræði)	5 %	Könnun og gagnagreining (Sálfræði)	5 %	Ritgerð um siðfræðileg málefni (Heimspeki)	5 %	Samfélagið okkar (hópverkefni)	20 %	Social dilemma (kvikmyndaverkefni)	5 %	Rannsóknarverkefni (hópverkefni)	20 %	Konur á rauðum sokkum (Kvikmyndaverkefni)	5 %	Lokaverkefni (hópverkefni)	20 %
Heiti	Vægi																									
Mannkynssaga (Mannkynssaga)	5%																									
Viðtal (Félagsfræði)	5 %																									
Fjárhagsáætlun (Hagfræði)	5 %																									
Greining á auglýsingu (Kynjafræði)	5 %																									
Könnun og gagnagreining (Sálfræði)	5 %																									
Ritgerð um siðfræðileg málefni (Heimspeki)	5 %																									
Samfélagið okkar (hópverkefni)	20 %																									
Social dilemma (kvikmyndaverkefni)	5 %																									
Rannsóknarverkefni (hópverkefni)	20 %																									
Konur á rauðum sokkum (Kvikmyndaverkefni)	5 %																									
Lokaverkefni (hópverkefni)	20 %																									

Reglur áfanga	Stundvísi og mæting - Nemendur eiga að vera sestir og tilbúnir með gögnin sín (bækur, tölvu, stílabók) þegar tíminn hefst. - Ef nemandi mætir eftir að farið er að fara yfir skipulag dagsins eða innlögn, biður hann hljóðlega þar til færi gefst á að koma sér fyrir án þess að trufla vinnu annarra. Nemandi fær fjarvist fyrir tímann eftir 10 mínútur frá því að tími hefst samkv. stundaskrá og nemandi ekki mættur. - Að mæta tilbúinn þýðir líka að hafa hlaðið tölvuna heima og vera búinn að kynna sér áætlun dagsins (t.d. á Moodle). Vönduð vinnubrögð - Verkefnum skal skilað á réttum tíma í viðeigandi kerfi. Síðbúin skil án gilda ástæðna (eða læknisvottorðs) valda prósentulækkun eða að verkefnið sé aðeins metið til staðist/fallið. - Öll textagerð og heimildavinna á að vera eigin texti nemandans. Ritstuldur, óheft notkun á gervigreind án heimildaskráningar eða afritun frá samnemendum leiðir til þess að verkefnið fær falleinkunn og er vísað til stjórnenda. - Allar fullyrðingar í stærri verkefnum skulu studdar rökum eða heimildum. Frágangur á að vera snyrtilegur og fylgja þeim sniðmátum sem gefin eru upp. Gott námsumhverfi - Símar eiga að vera í töskum (eða í síma hólfi) á meðan á innlögn eða hópavinnu stendur, nema annað sé tekið fram. Tölvur eru eingöngu notaðar til að sinna verkefnum áfangans, ekki til að vafra á samfélagsmiðlum eða spila leiki. - Í umræðum (sérstaklega um flókin eða viðkvæm málefni) ræðum við hugmyndir en ráðumst ekki á persónur. Allir eiga rétt á að tjá sig án þess að af þeim sé hlegið eða gert lítið úr þeim. Við hlustum þegar aðrir tala. - Við göngum vel um borð og stóla og skiljum við stofuna eins og við viljum koma að henni. Hreyfing og spjall eiga heima í hópavinnu, en þegar unnið er að einstaklings verkefnum ríkir vinnustofu stemning (hljóð og einbeiting).
Annað sem kennari vill láta koma fram	<u>Gervigreindarsáttmáli</u> 1. Gervigreind er aðstoðarmaður – ekki staðgengill - Við megum nota gervigreind til að fá hugmyndir (brainstorming), skipuleggja vinnuna, lesa yfir eigin texta og útskýra flókin hugtök. - Við leyfum gervigreindinni aldrei að skrifa heilu málsgreinarnar eða verkefnin fyrir okkur. Textinn sem við skilum á alltaf að vera okkar eigin orð og endurspeglar okkar eigin skilning. 2. Við berum ábyrgð á staðreyndunum - Gervigreind á það til að skálda hluti eða misskilja samhengi (sérstaklega í sögu og heimspeki). - Við samþykkjum að treysta gervigreindinni aldrei blint. Allar staðreyndir, ártöl, nöfn og fullyrðingar verðum við að sannreyna með áreiðanlegum heimildum (svo sem kennslubókum eða viðurkenndum vefsíðum).

	3. Gagnsæi og heiðarleiki - Ef gervigreind spilar stórt hlutverk í undirbúningi verkefnis, komum við hreint fram. - Við sammælumst um að geta þess í stuttri athugasemd eða neðanmálsgrein hvernig tæknin var notuð (t.d. „Notast var við Gemini til að fínþússa málfar í meginmáli“ eða „ChatGPT var notað til að finna hugmyndir að ritgerðarefni“). 4. Traust og rökstuðningur - Kennarinn treystir því að nemendur skili eigin vinnu. - Ef upp kemur rökstuddur grunur um að verkefni sé að öllu eða mestu leyti skrifað af gervigreind, á kennarinn rétt á að biðja nemandann um að útskýra efni verkefnisins og rökfærsluna á bak við það í stuttu spjalli.
Grunnþættir menntunar	Í þessum áfanga í félagsvísindum er öllum sex grunnþáttum menntunar fléttað inn í námsefnið með það að markmiði að efla þann samfélagsskilning sem skiptir sköpum á krefjandi starfsvettvangi t.d. raunvísinda, réttarvörslu og viðskipta. Lýðræði og mannréttindi ásamt jafnrétti mynda siðferðilegan og lagalegan grunn áfangans. Rýnt er í hvernig leikreglur samfélagsins mótask og greint hvernig þættir eins og stétt, kyn og uppruni geta leitt til mismununar á vinnumarkaði eða í réttarkerfinu. Þetta veitir verðandi lögfræðingum og stjórnendum nauðsynlega gagnrýna sýn á stofnanir samfélagsins. Rík áhersla er lögð á læsi í viðum skilningi. Fyrir framtíðarfolk í raunvísindum og viðskiptum vegur þar gagna-, upplýsinga- og fjármálalæsi þungt. Nemendur þjálfast í að vinna úr flóknum og tölulegum upplýsingum á gagnrýnninn hátt og meta áreiðanleika heimilda. Sjálfbærni er krufin út frá samspili efnahagskerfa og auðlindanýtingar. Skilningur á því hvernig efnahagsvöxtur verður að samræmast þolmörkum vistkerfisins er lífsnauðsynlegur þeim sem munu hanna nýja tækni eða stýra fyrirtækjum framtíðarinnar. Til að búa nemendur undir krefjandi framhaldsnám er unnið markvisst með heilbrigði og velferð. Áhersla er lögð á markmiðasetningu, streitustjórnun og að nemendur nýti eigin styrkleika til að efla seiglu og jákvæða sjálfsmýnd. Að lokum er sköpun órjúfanlegur hluti af vísindalegu og uppbyggilegu vinnulagi. Hún snýst um að beita gagnrýnninni hugsun til að finna nýjar lausnir við raunverulegum álitamálum og áskorunum samtímans.

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • grundvallarhugtökum og kenningum úr mannfræði, félagsfræði, sálfræði, kynjafræði, heimspeki og hagfræði • þróun mannkyns frá upphafi til nútíma og helstu tímamót í mannkynssögunni • helstu heimspekilegu stefnum og geta greint mismunandi viðhorf á siðferði og þekkingu • grundvallarhugtökum hagfræði (framboð, eftirspurn, verðmyndun) og hlutverk efnahagskerfis • hvernig kyn og kynhlutverk hafa mótast í gegnum tíðina og í mismunandi menningar samfélögum	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • þróa með sér opinn hug gagnvart mismunandi menningarheimum og lífsskoðunum • sýna sjálfstraust í að kynna hugmyndir sínar og hlusta virkt á aðra • sýna virðingu fyrir fjölbreytileika kynja, menningarheima og hugmynda • þróa forvitni um mannlegt samfélag, hegðun og menningarlegt fjölbreytni
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • útbúa fagleg skjöl í Word með viðeigandi sniði, uppbyggingu og heimildaskráningum • búa til áhrifaríkar PowerPoint kynningar með góðri framsetningu og myndefni • vinna með tölfraðileg gögn í Excel, búið til línurit og súlurit og túlkað niðurstöður • kynna verkefni sín munnlega á skipulegan og áhrifaríkan hátt fyrir bekkjarfélaga • beita gagnrýnni hugsun á félagslegar spurningar og greint mismunandi sjónarhorna	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Hópvinnna	15 klst.	15 klst.
Alls		95 klst. = 5 ein

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímajöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 ein	18 - 24 klst.
2 ein	36 - 48 klst.
3 ein	54 - 72 klst.
4 ein	72 - 96 klst.
5 ein	90 – 120 klst.

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Hópefli og kynning	
2. vika 24.-28. ágúst	Saga mannkyns tímatíma (sagnfræði)	Ýmiss verkefni Skil: Tímalína mannkynssögunnar 5%
3. vika 31. ágúst-4. september	Gamla samfélagið (félagsfræði)	Ýmiss verkefni Skil: Viðtalið 5%
4. vika 7.-11. september	Heimilisbókhald (hagfræði)	Ýmiss verkefni Skil: Bókahald heimilisins 5%
5. vika 14.-18. september	Að gera rannsókn (sálfræði)	Ýmiss verkefni Skil: Könnun og gagnagreining 5%
6. vika 21.-25. september	Að greina auglýsingar (kynjafræði)	Ýmiss verkefni Skil: Greining á auglýsingu 5%
7. vika 28. september-2. október	Ritgerð um siðferðilegt málefni (heimspeki)	Ýmiss verkefni Skil: Ritgerð 5%
8. vika 5.-9. október	Samfélagið okkar (Hópverkefni)	Ýmiss verkefni
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Samfélagið okkar	Ýmiss verkefni Skil: Samfélagið okkar + kynning 20%
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Social dilemma (Samfélagsmiðlar)	Ýmiss verkefni Skil: Social dilemma 5%
11. vika 26.-30. október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Rannsóknarverkefni (Hópverkefni)	Ýmiss verkefni
12. vika 2.-6. nóvember	Rannsóknarverkefni	Ýmiss verkefni
13. vika 9.-13. nóvember	Rannsóknarverkefni Konur á rauðum sokkum (Stjórnmálafræði)	Ýmiss verkefni Skil: Rannsóknarverkefni 20% + Kynning
14. vika 16.-20. nóvember	Konur á rauðum sokkum Lokaverkefni (Hópverkefni)	Ýmiss verkefni Skil: Konur á rauðum sokkum 5%
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Lokaverkefni	Ýmiss verkefni
16. vika 30. nóvember-4. desember	Lokaverkefni	Ýmiss verkefni Skil og flutningur á lokaverkefni 25%

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Andri, Atli og Gunnhildur